

Málskostnaður ákveðst kr. 120.000.

Már Pétursson héraðsdómari kvað upp dóm þennan ásamt með dómsmönnunum Finnboga Eyjólfssyni og Bent Jørgensen bifvélavirkjameisturum.

Dómsorð:

Stefndi, Örn Svavarsson, Arnartanga 78, Mosfellssveit, greiði stefnanda, Magnúsi Ólafssyni, Fellsbraut 15, Skagaströnd, krónur 280.000 með 16% ársvöxtum frá 21. nóvember 1977 til 21. febrúar 1978, en 19% ársvöxtum frá þeim degi til 1. júní 1979, en 22% ársvöxtum frá þeim degi til 1. september 1979, en 27% ársvöxtum frá þeim degi til greiðsludags, og kr. 120.000 í málskostnað, allt innan 15 daga frá birtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 12. nóvember 1981.

Nr. 61/1979. **Ólíuverslun Íslands h/f**
og Skúli Pálsson
 (Jón Ólafsson hrl.)
 gegn
Braga Jónssyni
Jóni V. Jónssyni og
Rut Helgadóttur
 (Guðjón Steingrímsson hrl.).

Gildi veðskuldabréfs. Uppboðslög. Sératkvæði.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Björn Sveinbjörnsson, Ármann Snævarr, Magnús Þ. Torfason, Sigurgeir Jónsson og Þór Vilhjálmsson.

Áfrýjendur hafa skotið málinu til Hæstaréttar með stefnu 21. mars 1979. Þeir gera þær kröfur á hendur stefndu Braga Jónssyni og Jóni V. Jónssyni, að þeir verði sýknaðir af kröfum þessara stefndu í málinu. Á hendur stefndu Rut Helgadóttur gera þeir þær dómkröfur, að hinn áfrýjaði dómur

verði staðfestur að því er hana varðar. Áfrýjendur krefjast og málskostnaðar úr hendi allra stefndu, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndu krefjast staðfestingar hins áfrýjaða dóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjandans Oliuverslunar Íslands h/f.

Við munnlegan flutning málsins fyrir Hæstarétti var því lýst yfir af hendi áfrýjenda, að gengið hafi til baka eftir áfrýjun málsins kaup áfrýjandans Skúla Pálssonar á því skuldabréfi, útgefnu af stefnda Braga, tryggðu með 7. veðrétti í Miðvangi 123 í Hafnarfirði, sem málið er risið af. Væri áfrýjandinn Oliuverslun Íslands h/f því eigandi þess nú.

Þess hafði eigi verið krafist, að fjárnámskröfu þeirri, sem í héraðsdómi greinir, yrði haggð með dómi, er stefndi Bragi gaf út skuldabréf sitt með veði í Miðvangi 123. Ákvæði 3. mgr. og 4. mgr. 32. gr. uppboðslaga ber að skýra svo eftir orðum sínum og með hliðsjón af tengslum ákvæðanna við 1. mgr. greinarinnar, að þau taki ekki til þess, er veðhafi eða aðfararhafi hefur gerst hæstbjóðandi að eign á nauðungaruppboði, en boð hans nægir þó ekki til þess, að nokkuð komi upp í kröfu hans. Samkvæmt þessu og því, sem rakið er í héraðsdómi um skiptingu uppboðsandvirðis, leiddu uppboðskaup Oliuverslunar Íslands h/f á Dalshrauni 4 ekki til þess, að krefjast mætti, að fjárnámskrafa hennar í Miðvangi 37 yrði færð niður með heimild í umræddum ákvæðum uppboðslaga. Er því ekki hald í röksemdum stefndu fyrir því, að veðskuldabréf það, sem stefndi Bragi gaf út, hafi verið óskuldbindandi vegna þess, að umrædda fjárnámskröfu hafi mátt fella niður eftir greindum ákvæðum uppboðslaga. Og þar sem stefndu Bragi Jónsson og Jón V. Jónsson hafa ekki fært fram aðrar ástæður fyrir kröfu sinni um, að veðskuldabréfið eigi að meta óskuldbindandi samkvæmt 29. gr. og 32. gr. laga nr. 7/1936 og 7. gr. laga nr. 58/1960, ber þegar samkvæmt því að sýkna áfrýjendur af kröfum þeirra í málinu, án þess að málsaðild stefnda Jóns komi sérstaklega til álita.

Kröfur stefndu Rutar Helgadóttur voru fyrir héraðsdómi reistar á 20. gr. laga nr. 20/1923. Það ákvæði gæti þó einungis eftir efni sínu leitt til þess, að hnekkt yrði veðsetningu á Miðvangi 123, en ekki persónulegri skuldbindingu stefnda Braga, eiginmanns stefndu Rutar. Samkvæmt kröfugerð stefndu Rutar fyrir Hæstarétti svo og af þeim ástæðum, sem greindar eru í héraðsdómi, verður veðsetningunni þó ekki hrundið að því er hana varðar. Verður héraðsdómurinn staðfestur að þessu leyti að undanskildu ákvæði hans um málskostnað.

Eftir þessum úrslitum er rétt, að stefndu greiði áfrýjendum málskostnað bæði í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 9.000.00 krónur.

D ó m s o r ð :

Áfrýjendur, Ólíuverslun Íslands h/f og Skúli Pálsson, eiga að vera sýknir af kröfum stefndu, Braga Jónssonar, Jóns V. Jónssonar og Rutar Helgadóttur, í máli þessu.

Stefndu greiði áfrýjendum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, samtals 9.000.00 krónur að viðlagðri aðför að lögum.

S é r a t k v æ ð i

Þórs Vilhjálmssonar hæstaréttardómara.

Í máli þessu þarf að skýra 32. gr. laga nr. 57/1949 um nauðungarupphöf. Greinin er þannig:

„Nú hefur veðhafi, þar á meðal handveðhafi að veðskulda-bréfi, eða aðfararhafi orðið hæstbjóðandi á upphöfi og fær samkvæmt boði sínu greiðslu að nokkru, en ekki að fullu, og er honum þá rétt að krefjast þess, að eign verði honum lögð út til eignar fyrir það verð, er hann hefur boðið, enda segi hann til, meðan þess er enn kostur að gera hærra boð. Nú býður enginn betur, og skal þá hætta upphöfi.

Aðili greiðir gjald í ríkissjóð sem fyrir árangurslaust uppboð.

Nú krefur einhver þeirra, sem í 1. málsg. 21. gr. segir, og gerzt hefur kaupandi að eign, án þess að krafa þeirra hafi greiðzt að fullu, skuldunaut eða aðra um eftirstöðvar kröfunnar eða hluta af þeim, og getur dómur þá fært kröfu niður um það, er svarar mismun á sannvirði eignar á uppboðsdegi, svo sem það sannast með mati óvillhallra manna eða með öðrum hætti, og kaupverði.

Rétt er og skuldunaut og öðrum, sem svara eiga til kröfu samkvæmt 1. málsg., að höfða mál á hendur kröfuhafa til ákvörðunar á sannvirði eignar á uppboðsdegi, og getur dómur þá fært kröfu niður undir sama skilorði sem áður var mælt“.

Ákvæði 1. og 2. málsgreinar lagagreinar þessarar um útlagningu eru sett í því skyni, að sá, sem útlagningu fær, þurfi ekki að greiða full gjöld til ríkissjóðs eins og hann væri uppboðskaupandi, sem eign hefur verið slegin. Er hér um gamla reglu að ræða, og segir um rök fyrir henni í greinargerð með frumvarpi til laganna í þingskjali nr. 174 á 68. löggjafarþingi 1948—9: „Hagnaður af útlagningu er sá, að aðili losnar við greiðslu sölulauna í ríkissjóð. Honum eru veitt þau hlunnindi, af því að gert er ráð fyrir því, að venjulega verði hann fyrir tapi, þar sem enginn hefur viljað kaupa eignina því verði, að hann fengi skuld sína greidda að fullu“.

Um málsgreinar þær, sem urðu að lokum 3. og 4. mgr. lagagreinarinnar, segir svo í greinargerðinni: „Þó að gert sé ráð fyrir því, að veðskuldaeigendur, sem fá eign útlagða eftir þessari grein, verði einatt fyrir tapi, þá þarf auðvitað ekki alltaf svo að vera, með því að ýmsar ástæður kunna að vera til þess, að eigi hafa hærri boð fengist en raun varð á, aðrar en raunveruleg verðlægð eignarinnar . . . Virðist óviðeigandi, að lánardrottinn græði á kostnað skuldunauts.“ Samkvæmt þessu var í upphafi til þess ætlast, að 3. og 4. mgr. yrði aðeins beitt, ef kröfuhafi hefði fengið útlagningu. Orð málsgreinanna („kaupandi að eign“ og „kröfuhafa“)

eru þó ekki í samræmi við þetta, og er við lögskýringu rétt að byggja á orðum sjálfs lagatextans, sem að þessu leyti eru ljós og framkvæmanleg, fremur en því, hvað höfundar frumvarpsins höfðu í huga. Af þessum sökum er ég sam- mála meiri hluta dómenda Hæstaréttar um, að bæði upp- boðskaupandi, sem hefur fengið sér slegna eign, og sá, sem útlagningu hefur fengið, geti þurft að sæta lækkun kröfu sinnar eftir lagaákvæðum þeim, sem hér um ræðir.

Kemur þá til athugunar, hvort lækkun megi ákveða, þótt boð kröfuhafa hafi verið svo lágt, að hann samkvæmt því fái enga greiðslu og eigi því ekki útlagningarrétt. Orð grein- argerðarinnar sýna, að ekki var til þessa ætlast í upphafi. Hins vegar tel ég, að orð 3. og 4. mgr. verði ekki skilin með þeim hætti, þó að játa beri, að þau eru ekki að þessu leyti fullkomlega ljós. Við skýringu þeirra tel ég, að taka beri tillit til þess, að ekki eru skýr rök fyrir því, að uppboðs- kaupandi, sem kaupir eign á svo lágu verði, að ekkert fæst upp í hans eigin kröfu, eigi að vera betur settur en sá, sem rétt á til útlagningar. Hagsmunir uppboðspola, sem 32. gr. uppboðslaga byggir á, að hér skuli taka tillit til, eru ber- sýnilega þeir, að til lækkunar geti komið við þessar að- stæður. Þá má á því byggja, að oftast sé kröfuhafinn bet- ur settur, ef hann fær sér slegna eign á verði undir kröfu hans en vera mundi, ef boð hans væri herra og hann fengi útlagningu. Í 3. og 4. mgr. 32. gr. uppboðslaganna er á því byggt, að óviðeigandi sé, að „lánardrottinn græði á kostnað skuldunauts“. Þeim tilgangi, sem í þessu felst, verður frem- ur náð, ef heimildin til að lækka kröfu tekur einnig til þess, að kröfuhafi bjóði í eign án þess að fá upp í kröfu sína og fái eignina slegna sér. Önnur niðurstaða gæti leitt til þess, að kröfuhafinn fengi tvíborgað.

Þau sjónarmið, sem nú hafa verið rakin, leiða til þess, að skýra ber 3. mgr. 32. gr. uppboðslaganna svo, að stefndu Jón og Bragi eigi rétt á því, að krafa áfrýjandans Ólíuversl- unar Íslands h/f sé lækkuð. Þessu geta þeir komið fram í máli, þar sem krafist er ógildingar skuldabréfsins, sem um er deilt og lýst er í héraðsdómi, enda er eigandi þess

nú hinn sami og í upphafi og bréfið út gefið til greiðslu á skuld áfrýjandans Jóns við hlutafélagið. Þegar af þessari ástæðu er ég sammála þeirri niðurstöðu héraðsdómarans, að bréfið skuli lýsa ógilt. Þá tel ég, að dæma beri Olíuverslun Íslands h/f til að afhenda stefndu Jóni og Braga skulda-bréfið.

Ég er sammála héraðsdómara og meiri hluta dómenda Hæstaréttar um, að áfrýjandann Olíuverslun Íslands h/f beri að sýkna af kröfum Rutar Helgadóttur.

Samkvæmt ofanskráðu væri rétt, að málskostnaður félli niður að því er varðar stefndu Rut Helgadóttur, bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Þá tel ég, að málskostnaður í Hæstarétti eig að falla niður að því er varðar áfrýjandann Skúla Pálsson. Málskostnaðarákvæði hins áfrýjaða dóms um aðra en stefndu Rut tel ég, að beri að staðfesta, en dæma beri áfrýjandann Olíuverslun Íslands h/f til að greiða stefndu Braga Jónssyni og Jóni V. Jónssyni 11.100 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 16. febrúar 1979.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var að loknum munnlegum málflutningi 14. febrúar sl., höfðuðu Rut Helgadóttir, Miðvangi 123, Hafnarfirði, Bragi Jónsson, sama stað, og Jón V. Jónsson, Hafnarfirði, fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með tveim stefnum, annarri birtri 10. febrúar 1978 og hinni útgefinni 7. mars 1978, gegn Olíuverslun Íslands h/f, Reyjavík, og Skúla Pálssyni hæstaréttarlögmanni, Smáragötu 14, Reykjavík.

Dómkröfur stefnenda eru þær, að veðskuldabréf, útgefið 1. febrúar 1977, að fjárhæð kr. 6.000.000, tryggt með 7. veðrétti í fasteigninni Miðvangi 123, Hafnarfirði, verði dæmt ógilt og að stefndu verði dæmt skylt að afhenda stefnendum bréfið til aflysingar og að stefndu verði in solidum gert að greiða málskostnað að skaðlausu.

Við munnlegan málflutning 14. febrúar sl. var gerð sú varakrafa af hálfu stefnenda, að stefnda Olíuverslun Íslands h/f yrði gert að greiða stefnendum kr. 6.000.000 með 3% vöxtum fyrir hvern byrjaðan mánuð frá 1. mars 1977 til greiðsludags og málskostnað að skaðlausu.

Stefndu hafa krafist algerrar sýknu af kröfum stefnenda og að stefnendur verði dæmdir til þess að greiða stefndu málskostnað að mati réttarins. Við munnlegan málflutning 14. febrúar sl. var því neitað af hálfu stefndu, að stefnendur fengju komið að varakröfu sinni.

Leitað hefur verið um sáttir í máli þessu án árangurs.

Upphaflega höfðaði stefnandinn Rut Helgadóttir, Miðvangi 123, Hafnarfirði, mál þetta með stefnu, birtri 10. febrúar 1978, gegn stefndu. Í stefnu segir, að málið sé höfðað til ógildingar veðskuldabréfi skv. 20. gr. laga nr. 20/1923. Síðar í stefnunni segir, að stefnandi muni gera þær dómkröfur, að veðsetning fasteignarinnar nr. 123 við Miðvang í Hafnarfirði til tryggingar skuld að fjárhæð kr. 6.000.000 skv. handhafabréfi á 7. veðrétti verði dæmd ógild og að stefndu verði gert að greiða málskostnað að skaðlausu in solidum.

Með stefnu, þingfestri 14. mars 1978, höfðuðu þeir Jón V. Jónsson og Bragi Jónsson mál gegn stefndu til ógildingar sama veðskuldabréfi og til greiðslu málskostnaðar, þar með talinn málskostnaður in solidum.

Hinn 17. janúar sl. var að ósk lögmanna aðilja seinna málið sameinað fyrra málinu og öll skjöl seinna málsins lögð fram í fyrra málinu. Við þá framlagningu urðu þau mistök, að ekki var tekið tillit til þess, að nokkur af málsskjölum seinna málsins höfðu einnig verið lögð fram í fyrra málinu, og eru því nokkur skjöl í málinu í tvíriti.

Mál þetta var munnlega flutt 17. janúar sl. Það var endurupptekið 2. febrúar sl. og frestað til 14. febrúar sl. Þá kom stefndi Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður fyrir dóm til yfirheyrslu, og síðan var málið flutt að nýju og dómtekið.

II.

Málavextir eru þeir, að stefndi Olíuverslun Íslands h/f lét 24. mars 1976 gera fjárnám í tveim fasteignum stefnandans Jóns V. Jónssonar, þ. e. í Dalshrauni 4 og Miðvangi 37, báðum í Hafnarfirði, til tryggingar skuld að fjárhæð kr. 6.478.530. Hinn 6. september 1976 fór fram nauðungaruppboð á fasteigninni Dalshrauni 4, og varð þá hæstbjóðandi Iðnaðarbanki Íslands h/f, og var boð bankans kr. 10.000.000. Annað og síðasta uppboð fór fram á eign þessari 20. september 1976, og varð þá stefndi Olíuverslun Íslands h/f hæstbjóðandi með boði að fjárhæð kr. 24.100.000. Samkvæmt frumvarpi að úthlutunargerð, dags. 17.

desember 1976, dskj. 19, greiddust kr. 19.231.439 upp í kröfur Iðnaðarbanka Íslands h/f, sem voru að fjárhæð kr. 28.695.558. Krafa stefnda Olíuverslunar Íslands h/f var fyrir aftan kröfur Iðnaðarbankans. Hinn 12. september 1977 var gefið út uppboðs-afsal fyrir fasteigninni Dalshrauni 4 til stefnda Olíuverslunar Íslands h/f, dskj. 24.

Hinn 10. ágúst 1976 var beðið um uppboð á fasteigninni Miðvangi 37, Hafnarfirði, til lúkningar ofangreindri skuld. Þá er uppboð þetta skyldi fram fara 1. febrúar 1977, varð samkomulag á milli stefnda Olíuverslunar Íslands h/f og stefnandans Braga Jónssonar, að Bragi gæfi út veðskuldabréf að fjárhæð kr. 6.000.000 til 2 ára með hæstu veðlánavöxtum. Veðskuldabréf þetta var tryggt með 7. veðrétti í fasteigninni Miðvangi 123, Hafnarfirði, eign stefnandans Braga Jónssonar, og er þetta bréfið, sem málið er af risið.

Á dskj. 12 er yfirlýsing, dags. 30. apríl 1977, undirrituð af Jóni V. Jónssyni. Þar er því m. a. lýst yfir, að handhafabréf að fjárhæð kr. 6.000.000, útgefið 1. febrúar 1977, sé skuld, sem fyrirtækið Jón V. Jónsson s/f skuldi og Bragi Jónsson hafi veitt veð fyrir í húsi sínu og beri fyrirtækið ábyrgð á skuldinni.

Með bréfi, dags. 5. júlí 1977, dskj. 21, bað stefndi Olíuverslunar Íslands h/f um uppboð á Miðvangi 123 til greiðslu þessarar skuldar auk vaxta og kostnaðar.

Með bréfi, dags. 22. júlí 1977, dskj. 22, til bæjarfógetans í Hafnarfirði krafðist lögmaður stefnenda þess, að synjað yrði að svo stöddu um uppboð á fasteigninni. Rökstuðningur fyrir kröfu þessari var, að þegar Olíuverslun Íslands h/f keypti Dalshraun 4 á nauðungaruppboði 20. september 1976 fyrir kr. 24.1 milljón, hafi eignin verið að verðmæti um kr. 40 milljónir og að uppboðsbeiðanda hafi verið óheimilt að halda innheimtunni áfram, sbr. lög nr. 57/1949, 32. gr., 3. og 4. mgr. Jafnframt segir í bréfi þessu, að þennan sama dag hafi verið beðið um dómkvaðningu matsmanna til þess að meta sannvirði eignarinnar Dalshrauns 4 á uppboðsdegi.

Hinn 27. júlí 1977 voru þeir Agnar Gústafsson hæstaréttarlögmaður, Kópavogi, og Arnljótur Guðmundsson húsasmíðameistari, Reykjavík, dómkvaddir til þess að meta fasteignina nr. 4 við Dalshraun, Hafnarfirði, og segja til um sannvirði hennar 20. september 1976 með vísun til laga nr. 57/1949, 3. og 4. mgr. 32. gr.

Með bréfi, dags. 19. október 1977 (dskj. 25), bað stefndi Skúli

Pálsson, sem kvaðst nú vera handhafi veðskuldabréfsins, sem málið er af risið, um nauðungaruppboð á húseigninni Miðvangi 123, Hafnarfirði.

Matsgerð hinna dómkvöddu matsmanna er á dskj. 26, og er hún dagsett 9. janúar 1978. Í matsgerðinni kemur fram, að skoðun á fasteigninni Dalshrauni 4 hafi farið fram 13. október 1977. Þar hafi mætt auk matsmanna matsbeiðandi, Guðjón Steingrímsson hæstaréttarlögmaður, ásamt umbjóðanda sínum, Jóni V. Jónssyni. Fyrir matspola, Olíuverslun Íslands h/f, mætti Theódór Georgsson héraðsdómslögmaður, og með honum Svan Friðgeirsson.

Matsmenn komast í matsgerðinni að þeirri niðurstöðu, að sannvirði fasteignarinnar nr. 4 við Dalshraun, Hafnarfirði, hafi hinn 20. september 1976 verið kr. 45.000.000 miðað við það, að útborgun væri sem næst kr. 30.000.000 og eftirstöðvar lánaðar til 8 ára með 12—13% ársvöxtum, en kr. 37.500.000 miðað við það, að 1/4 hluti verðsins væri greiddur innan 1/2 mánaðar frá uppboðsdegi og eftirstöðvar eftir 2 mánuði.

Með bréfi, dags. 30. janúar 1978 (dskj. 28), var Olíuverslun Íslands h/f sent ljósrit af matsgerðinni og enn fremur gerð sú krafa f. h. Jóns V. Jónssonar s/f og Braga Jónssonar, að Olíuverslun Íslands h/f afhendi skuldabréf að fjárhæð kr. 6.000.000, útgefið 1. febrúar 1977, tryggt með 7. veðrétti í fasteigninni Miðvangi 123, Hafnarfirði, þar sem mismunur á sannvirði eignarinnar á uppboðsdegi og kaupverði hafi verið metinn kr. 13.400.000.

Með bréfi, dags. 10. febrúar 1978 (dskj. 11), hafnar Olíuverslun Íslands þessari kröfu. Í bréfi þessu segir m. a. svo:

„Samkvæmt úthlutunargerðinni greiðir Olíuverzlun Íslands hf. kr. 19.231.439 upp í kröfu Iðnaðarbanka Íslands hf., sem nam alls kr. 28.695.558. Vantar þannig kr. 9.464.119 upp á, að Iðnaðarbanki Íslands hf. fái fullnægt kröfugerð sinni, og er það því rangt, að um útlagningu hafi verið að ræða til Olíuverzlunar Íslands hf. Útlagning fyrir þessari fjárhæð gat eingöngu verið til Iðnaðarbanka Íslands hf. Það er því augljóslega rangt, sem segir í matsgerð þeirri, sem fylgdi bréfi yðar, að Olíuverzlun Íslands hf. hafi fengið eignina sem ófullnægður veðhafi. Samkvæmt veðbókarvottorði, sem fyrir lá á uppboðsdegi, voru kröfur að fjárhæð samtals kr. 16.959.478 á eftir hæsta boði og áður en kæmi að skuldaröð Olíuverzlunar Íslands hf., eða samtals kr. 41.059.478, sem voru á undan fjárnámi Olíuverzlunar

Íslands hf., sem var að fjárhæð kr. 6.478.530 samkvæmt fjárnámi dags. 24/3 1976. Ef löghaldskröfur eru hins vegar dregnar út úr, þá eru kröfur á undan fjárnámi Olíuverzlunar Íslands hf. alls að fjárhæð kr. 37.431.281, eða hærri fjárhæð heldur en dómkvaddir matsmenn meta eignina samkvæmt mati því, er fylgdi bréfi yðar. Vér teljum með öllu augljóst, að 32. gr. laga nr. 57/1944 eigi aðeins við það tilvik, að um útlagningu sé að ræða, og hefði því sú grein aðeins tekið til boðs Iðnaðarbanka Íslands hf., ef hann hefði verið hæstbjóðandi, t. d. á 15 millj. kr., sem var hæsta boð Iðnaðarbanka Íslands hf. á uppboðsdegi, áður en Olíuverzlun Íslands hf. tók að bjóða í eignina. Vér vísum því algjörlega á bug, að um nokkra kröfugerð geti verið að ræða á hendur Olíuverzlun Íslands hf. út af gjörningi þessum, og fylgir með bréfi þessu ljósrít af afsali uppboðsréttar Hafnarfjarðar-kaupstaðar, dags. 12. september 1977, þar sem eigninni er afsalað til Olíuverzlunar Íslands hf., og engin mótmæli hafa komið fram við gjörningnum, og Olíuverzlun Íslands hf. er lýstur eigandi eignar þessarar.“

Síðar í bréfi þessu segir m. a. svo:

„Varðandi skuldabréf það að fjárhæð kr. 6.000.000, sem Bragi Jónsson afhenti til greiðslu á skuld við Olíuverzlun Íslands hf., skal það tekið fram, að eftir að uppboð fór fram, var ekki um neina greiðslu að ræða upp í þá viðskiptaskuld af uppboðsandvirðinu. Fjárnám hafði jafnframt verið gert í íbúðarhúsi Jóns V. Jónssonar, og var þess farið á leit við Olíuverzlun Íslands hf., að hún felldi niður fjárnám á þeirri eign, þannig að unnt væri að selja hana frjálsri sölu. Í stað þess skyldi koma greiðsla samkvæmt skuldabréfi því, sem hér um ræðir. Voru greiðslur samkvæmt skuldabréfinu miðaðar við þau viðskipti, sem Jón V. Jónsson sf. hafði þá samið um við Ísal, en ekkert hefir orðið af þeim greiðslum. Húseign Jóns V. Jónssonar var seld á mjög háu verði og hefði Olíuverzlun Íslands hf. fengið fullnægingu af því verði samkvæmt fjárnámi því, sem lá á þeirri eign, ef ekki hefði komið til þeirra samninga, sem hér var lýst.“

Stefnandinn Rut Helgadóttir var yfirheyrd hér fyrir dómi vegna máls þessa. Aðspurð sagði hún, að hún hefði ekki frétt af veðsetningu þeirri, sem málið er af risið, fyrr en löngu seinna, ca 5 mánuðum seinna. Stefnandinn Bragi hafi sjálfur sagt sér af þessu. Þau Rut og Bragi hafi verið gift í 5 ár og átt húseignina að Miðvangi 123 í 5 ár.

Hér fyrir dómi bar stefnandinn Bragi Jónsson, að ekki hefði

verið haft samráð við konu hans vegna þessarar veðsetningar. Hann kvaðst hafa tilkynnt konu sinni um veðsetninguna svona 4—6 mánuðum seinna. Þau hjónin hafi búið í húsi þessu, frá því að þau giftust fyrir 4—5 árum.

Bragi lýsti tildrögum þess, að veðskuldabréfið, sem málið er af risið, var gefið út, á þann veg, að sama dag og uppboð átti að fara fram á Miðvangi 37 hafi lögmaður föður hans beðið hann um að koma með sér til Olíuverslunarinnar og hafi sýslumaður beðið eftir því, að málið yrði leyst, og frestað uppboði á meðan. Bréfið hafi verið undirritað inn í Olíufélagi (mun eiga að vera Olíuverslun Íslands h/f). Þetta hafi verið nauðsynlegt, til þess að hægt væri að selja Miðvang 37 frjálsri sölu.

Fyrir dómi bar stefnandinn Jón V. Jónsson, að hann hefði verið á sjúkrahúsi, þá er bréfið, sem málið er af risið, var undirritað.

Fram kom hjá Svani Þór Vilhjálmssyni héraðsdómslögmanni við yfirheyrslu hér fyrir dómi, að Olíuverslun Íslands h/f hefði verið með uppboðskröfu í tvær eignir Jóns V. Jónssonar. Þá hafi verið samið um að gefa út skuldabréf í annarri eign og hafi Bragi, sonur Jóns, veðsett sína eign. Á sama tíma hafi verið gengið frá sérstakri yfirlýsingu frá Jóni V. Jónssyni um, að þessi skuld væri hans skuld, þrátt fyrir það að hún hvíldi á eign Braga.

Lögmaðurinn kvaðst ekki geta svarað því, hvort eiginkona Braga hefði vitað um þessa veðsetningu, en kvaðst hafa ástæðu til þess að halda það á þeim tíma miðað við það, hvernig staðan var á þessum málum öllum innan fjölskyldunnar.

Stefndi Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður var yfirheyrður vegna máls þessa. Fram kom hjá stefnda Skúla, að honum hefði verið kunnugt um, að Olíuverslun Íslands h/f var áður búin að biðja um uppboð á fasteigninni, sem bréf það, sem málið er af risið, er tryggt með, en það uppboð hafi verið afturkallað. Skúli kvaðst hafa vitað, að úthlutun á uppboðsandvirðinu hafi verið mótmælt eða að þessi staðhæfing hafði komið fram, að Olíuverslun Íslands h/f hafi fengið þetta bréf greitt, þegar hún keypti Dalshraun 4. Þetta hafi komið frá lögmanni stefnandans Jóns V. Jónssonar, að vegna þess hve Olíuverslun Íslands hafði keypt fasteignina Dalshraun 4 á lágu verði, hefði Olíuverslunin raunverulega fengið fullnustu þessa skuldabréfs, vegna þess að það hefði verið gefið út til greiðslu á fyrri veðkröfum, sem hvíldu á Dalshrauni eða hvernig sem það var til komið.

Þetta kvaðst Skúli hafa vitað, þegar hann fékk bréfið. Honum hafi verið kunnugt um, að þessi mótmæli voru uppi höfð eða yrðu höfð uppi. Uppboð á Miðvangi 123 standi enn í fresti. Það hafi ýmist verið uppboðspoli sjálfur eða lögmaður Jóns V. Jónssonar, sem hafi beðið um frestun uppboðsins. Uppboðsbeiðni hafi ekki verið afturkölluð. Frestun á uppboði væri til kominn vegna þess, að í þessu máli er einnig höfð mótbára gegn uppboði á Miðvangi 123 vegna þess, að eiginkonu Braga Jónssonar hafi ekki verið kunnugt um veðsetninguna. Skúli tók fram, að honum hefði ekki verið kunnugt um þá mótbáru, fyrr en stefna hafi verið gefin út. Aldrei hafi borist til tals, að sú mótbára yrði höfð uppi. Skúli kvaðst hafa eignast veðskuldabréfið 12. október 1977.

III.

Af hálfu stefnenda eru kröfur rökstuddar með því, að rifta beri veðsetningunni, þar sem stefnandinn Bragi hafi veðsett húseign þeirra hjóna, þ. e. hans og stefnandans Rutar, án samþykkis Rutar og beri því að rifta veðsetningunni skv. 20. gr. laga nr. 20/1923.

Því er og haldið fram af hálfu stefnenda, að þá er 2. og síðasta uppboð á Miðvangi 37 skyldi fram fara 1. febrúar 1977, hafi stefnandinn Jón V. Jónsson selt þessa eign, sem var nýbyggt einbýlishús, sem hann bjó í sjálfur ásamt eiginkonu sinni, með loforði um, að fjárnámssgerð stefnda Olíuverslunarinnar yrði aflýst, en hann hafi ekki getað staðið við það loforð. Stefnandinn Bragi hafi farið til forstjóra stefnda Olíuverslunar Íslands h/f til þess að reyna að fá hann til þess að veita frest á uppboðinu. Þetta hafi verið 1. febrúar 1977 eftir hádegi, en uppboðsréttur hafi þá verið settur, en beðið átekta, meðan samningar voru reyndir við forstjórann. Hann hafi reynst ófáanlegur til þess að veita nokkurn frest nema með því skilyrði, að stefnandinn Bragi tæki sjálfur ábyrgð á skuldinni með því að veðsetja sitt eigið hús. Hafi stefnandinn Bragi því neyðst til þess að gefa bréfið út. Bréfið hafi verið að upphæð kr. 6.000.000, og skyldi það greiddast á 2 árum. Vextir hafi verið ákveðnir hæstu veðlánavextir, en það sé miklu hærri vaxtafótur en skuldin hafði áður borið.

Jafnframt eru kröfur um ógildingu veðskuldabréfsins rökstuddar með því, að stefndu hafi vegna hagstæðra uppboðskaupa fengið skuld þá, sem bak við veðskuldabréfið liggur, greidda

að fullu og meira en það. Það leiði því af 32. gr., 3. og 4. mgr., uppboðslaga, að stefndu eigi ekki rétt á frekari greiðslum úr hendi stefnenda. 32. gr. eigi við alla þá, sem getið er í 1. mgr. 21. gr. Einnig er á því byggt af hálfu stefnenda, að veðbréfið sé ógilt skv. 29. og 32. gr. samningalaga.

Af hálfu stefndu er sýknukrafa að því er varðar stefnandann Braga Jónsson rökstudd með því, að hann hafi greitt stefnda Ólíuverslun Íslands h/f með skuldabréfi, tryggðu í fasteign sinni, skuld Jóns V. Jónssonar s/f við Ólíuverslun Íslands h/f. Sú skuldarviðurkenning stefnandans Braga hafi verið gerð af fús-um og frjálsum vilja án þvingana eftir 20. gr. og 32. gr. samningalaga. Þetta skuldabréf hafi stefnandinn Bragi gefið út fyrir föður sinn til þess að greiða skuld, er hvíldi á húsi hans nr. 37 við Miðvang í Hafnarfirði, svo hægt væri að selja húsið frjálsri sölu, og þar með hafi skuld Jóns V. Jónssonar s/f verið gerð upp við stefnda Ólíuverslun Íslands h/f. Stefnanda Braga þýði því ekki að fá bréf þetta, sem umdeilt sé í málinu, ógilt, enda sé hér um að ræða handhafaskuldabréf, er stefndi Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður hafi fengið framselt og verði því aldrei ógilt að því er hann varðar.

Að því er varðar stefnandann Jón V. Jónsson er sýknukrafa rökstudd með því, að krafa hans eigi ekki heima í máli þessu. Veðskuldabréf það, er stefnandinn Bragi gaf út, hafi verið til greiðslu á skuld Jóns V. Jónssonar við stefnda Ólíuverslun Íslands h/f og öll tengsl milli Jóns V. Jónssonar og stefnda Ólíuverslunar Íslands h/f því rofin. Sé því ekki séð, að Jón V. Jónsson eigi aðild að máli þessu.

Í öðru lagi er því haldið fram, að 32. gr. laga nr. 57/1949 eigi ekki við hér, þar sem stefndi Ólíuverslun Íslands hafi ekki fengið útlagningu, enda hafi krafa um útlagningu ekki verið fyrir hendi.

Í þriðja lagi hafi krafa sú, er stefndi Ólíuverslun Íslands h/f átti í Dalshrauni 4 í Hafnarfirði, verið fyrir aftan matsfjárhæð þá, er matsmenn hafi metið húsið á til uppboðsverðs, þannig að einnig af þeirri ástæðu eigi 32. gr. uppboðslaga ekki við.

Af hálfu stefndu er því mótmælt, að stefnandinn Rut Helga-dóttir hafi ekki vitað um veðsetningu þá, sem um ræðir í máli þessu. Stefnandinn Rut sé tengdadóttir Jóns V. Jónssonar, verk-taka úr Hafnarfirði. Fjölskylda eiginmanns stefnandans Rutar hafi verið í miklum fjárhagsörðugleikum og því hafi með sam-þykki þessa stefnanda og eiginmanns hennar verið ákveðið að

greiða skuld fyrirtækisins Jóns V. Jónssonar s/f við stefnda Ólíuverslun Íslands h/f með skuldabréfi með veði í fasteign þeirra hjóna nr. 123 við Miðvang í Hafnarfirði.

IV.

Álit dómsins.

Veðskuldabréf það, sem málið er af risið, er út gefið 1. febrúar 1977 og þinglýst 14. s. m. Stefnandinn Rut Helgadóttir höfðaði mál þetta með stefnu, birtri 10. febrúar 1978. Þegar litið er til framburðar þessa stefnanda um, að hún hafi frétt af veðsetningunni ca 5 mánuðum seinna, svo og framburðar stefnandans Braga Jónssonar um, að hann hafi tilkynnt konu sinni um veðsetninguna svona 4—6 mánuðum seinna, þá hefur þessi stefnandi ekki höfðað málið innan tilskilins frests skv. 2. mgr. 20. gr. laga nr. 20/1923, þ. e. 6 mánaða frá því að henni varð kunnugt um veðsetninguna. Þer því að sýkna stefndu af kröfum þessa stefnanda. Eftir atvikum þykir rétt, að málskostnaður að því er þennan stefnanda varðar falli niður.

Telja verður stefnandann Jón V. Jónsson eiga aðild að málinu. Viðurkennt er, að handhafabréf það, sem málið er af risið, hafi stefnandinn Bragi Jónsson gefið út fyrir föður sinn, þ. e. stefnandann Jón V. Jónsson, til þess að greiða skuld, er hvíldi á húsi hans Miðvangi 37. Jafnframt liggur fyrir í málinu sem dskj. 12 yfirlýsing frá stefnandanum Jóni um, að fyrirtækið Jón V. Jónsson s/f beri ábyrgð á þessari skuld sem skuldari.

Stefndi Ólíuverslun Íslands h/f keypti fasteignina Dalshraun 4 á nauðungaruppbóði á kr. 24.100.000, en fékk hana ekki út lagða sem ófullnægður veðhafi. Samkvæmt frumvarpi að útlutunargerð uppboðsandvirðis á dskj. 19 greiddust kr. 19.231.439 upp í kröfur Iðnaðarbanka Íslands h/f vegna 6., 7. og 8. veðréttarhafa, en þær kröfur námu kr. 28.695.558. Fjárnám stefnda Ólíuverslunar Íslands h/f var fyrir aftan veð Iðnaðarbanka Íslands h/f. Telja verður, að 3. mgr. 32. gr. uppboðslaga eigi ekki eingöngu við þá, sem fá eign út lagða sem ófullnægðir veðhafar, heldur alla þá veðhafa og aðfararhafa, sem gerst hafa kaupendur að eign, án þess að krafa þeirra hafi greiðst að fullu, og þá um leið þá, sem ekkert hafa fengið upp í kröfu sína.

Hinir dómkvöddu matsmenn komast í matsgerð sinni að þeirri niðurstöðu, að sannvirði fasteignarinnar nr. 4 við Dalshraun hafi hinn 20. september 1976 verið kr. 45.000.000 miðað við það,

að útborgun væri sem næst kr. 30.000.000 og eftirstöðvar lánaðar til 8 ára með 12—13% ársvöxtum, en kr. 37.500.000 miðað við það, að 1/4 hluti verðsins væri greiddur innan 1/2 mánaðar frá uppboðsdegi og eftirstöðvar eftir 2 mánuði.

Stefnendur miða útreikninga sína við það, að sannvirði eignarinnar hafi verið kr. 37.500.000. Þessi upphæð hefur ekki verið tölulega vefengd. Nauðungaruppboðið fór fram 20. september 1976, en uppboðsafsal var ekki gefið út fyrr en 12. september 1977. Verður því við það miðað, að sannvirði fasteignarinnar Dalshrauns 4 í Hafnarfirði hafi 20. september 1976 verið a. m. k. kr. 37.500.000. Þessa eign keypti stefndi Olíuverslun Íslands h/f, eins og áður segir, á kr. 24.100.000. Mismunur er kr. 13.400.000. Fjárnám þessa stefnda á eigninni var að fjárhæð kr. 6.478.530. Verður því að telja, að stefndi Olíuverslun Íslands h/f hafi með hagnaði sínum af kaupunum fengið fullnægjandi efndir á kröfu sinni og hafi Olíuverslun Íslands h/f því ekki verið rétt að krefjast uppboðs á fasteigninni Miðvangi 37. Viðurkennt er, að það var til þess að forða uppboði (sic) á þeirri eign, sem stefnandinn Bragi Jónsson gaf út veðskuldabréfið, sem málið er af risið. Þegar af þeirri ástæðu ber að taka kröfu um ógildingu bréfsins til greina gagnvart stefnda Olíuverslun Íslands h/f.

Þegar lítið er til þess, sem að framan er rakið úr framburði stefnda Skúla Pálssonar hæstaréttarlögmanns, þá þykir fram komið, að hann hafi, þá er hann fékk veðskuldabréfið, sem málið er af risið, í hendur, ekki verið í góðri trú varðandi þær mótbáurur gagnvart gildi veðskuldabréfsins, sem á er byggt í máli þessu, og hefur framsalið til hans því ekki áhrif á rétt stefnenda til þess að fá bréfið ógilt og afhent til aflýsingar.

Niðurstaða málsins verður því sú, að krafa stefnendanna Braga Jónssonar og Jóns V. Jónssonar er tekin til greina.

Stefndu greiði in solidum stefnendunum Braga Jónssyni og Jóni V. Jónssyni kr. 1.232.000 í málskostnað, þar með er talinn matskostnaður kr. 300.000.

Auður Þorbergsdóttir borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Olíuverslun Íslands h/f og Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður, skulu vera sýknir af kröfu stefnandans Rutar Helgadóttur. Málskostnaður í þessum þætti málsins fellur niður.

Veðskuldabréf, útgefið 1. febrúar 1977, að fjárhæð kr.

6.000.000, tryggt með 7. veðrétti í fasteigninni Miðvangi 123, Hafnarfirði, er dæmt ógilt. Stefndi Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður skal afhenda stefnendunum Braga Jónssyni og Jóni V. Jónssyni bréfið til aflýsingar.

Stefndu, Ólíuverslun Íslands h/f og Skúli Pálsson hæstaréttarlögmaður, greiði in solidum stefnendunum Braga Jónssyni og Jóni V. Jónssyni kr. 1.232.000 í málskostnað innan 15 daga frá lögbirtingu dóms þessa að viðlagðri aðför að lögum.

Fimmtudaginn 12. nóvember 1981.

Nr. 230/1981. Ákærvaldið

gegn

Halldóri Fannar Ellertssyni.

Kærumál. Gæsluvarðhald.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Björn Sveinbjörnsson, Benedikt Sigurjónsson og Logi Einarsson.

Varnaraðili hefur samkvæmt heimild í 3. tl. 172. gr. laga nr. 74/1974 skotið máli þessu til Hæstaréttar með kæru 8. nóvember 1981, sem barst Hæstarétti 9. s. m. Krefst hann þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi.

Af hálfu ákærvalds er krafist staðfestingar úrskurðarins.

Í greinargerð ríkissaksóknara til Hæstaréttar segir m. a. svo:

„Í hinum kærða úrskurði eru tilgreind þrjú mál á hendur kærða, sem undanfarnar vikur og mánuði hafa verið til rannsóknar hjá rannsóknarlögreglu ríkisins. Í sakadómi Akureyrar er til meðferðar mál á hendur kærða samkvæmt ákæru, útgefinni 15. september sl. Undir áfrýjun eru tveir dómar . . .“

Staðfesta ber hinn kærða úrskurð.